

Fundargerð ræktunarstjórnar 2. júlí 2015

Mættir eru: Heiðar J. Sveinsson, Þórhallur Atlason, Arnar Tryggvason, Þórgunnur E. Péturdóttir og Sigrún Guðlaugardóttir

- 1) Fundur settur og farið yfir síðustu fundargerð. Liður 5 þar sem fjallað er um hversu mörgum rökkum skal mæla með, ákveðið er að mæla með lágmark 3 sé þess kostur.
- 2) Staða á vinnu fyrir deildarviðburð rædd:
 - a. Gengið frá því hver sækir dómara maka
 - b. Gisting og matur klár fyrir dómara og þá starfsmenn sem deildin leggur til mat.
 - c. Verið að redda fánaborgum og þjóðfánar klárir.
 - d. Leyfi fyrir sýningu í ferli og dýralæknir klár.
 - e. Herdís Hallmarsdóttir verður sýningastjóri, Lilja Dóra verður ritari sýningar. Heiðar Sveinsson og Jens Magnús Jakobsson verða prófstjórar og Sigurður Magnússon verður fulltrúi HRFÍ.
 - f. Lagt verður upp með að hafa ofan af fyrir dómurum þegar þeir eru ekki að dæma, gjafir klárar.
 - g. Þarf að skoða með bíl undir dót af höfðuborgarsvæðinu.
 - h. Verðlaun klár frá Dýrheimum.
 - i. Prentun sýningarskrár í ferli.
 - j. Farið yfir rósettumál og bikara fyrir sýningu.
 - k. Heppilegt væri að geta tjaldað sýningartjaldi.
- 3) Farið yfir vinnu á heimasíðu deildarinnar.
- 4) Önnur mál:
 - a. Rætt hvort gera ætti rakkalista deildarinnar opinberan og þá hvernig staðið yrði að því. Ákvörðun tekin síðar.
 - b. Rætt um hlutverk ræktendalistans á heimasíðunni og hvort gera þurfi einhverjar breytingar varðandi hann til að gera fólki auðveldara fyrir við að finna virka ræktendur. Ákvörðun verður tekin síðar.
 - c. Rætt hvort taka eigi út hvaða hundategund um ræðir þegar listi yfir skráningar í veiðipróf er birtur. Fundarmenn sammála um að það væri heppilegt, það þarf að ræða við vefstjóra um þá breytingu.

F.h. Ræktunarstjórnar,

Þórgunnur E. Pétursdóttir.